

Tillaga um breytingu á mótafyrirkomulagi

Blakdeild Hamars kemur með eftirfarandi tillögu um breytingu á mótafyrirkomulagi í efstu deild karla og kvenna. Keppnisfyrirkomulagið miðast við 8 liða deild en einnig er hægt að útfæra það með sjö liða deild eins og var hjá konunum í vetur.

Deildinni væri skipt í þrjú hluta: Grunnspil, krosspil og úrslitakeppni.

Grunnspil: Í grunnspilinu myndu liðin spila tvöfalda umferð allir á móti öllum. Það væri spilað heima og úti eins og gert er í dag. Í 8 liða deild yrðu því spilaðir 14 leikir í grunnspilinu, 12 í sjö manna deild.

Krosspil: Eftir grunnspilið yrði deildinni síðan tvískipt þar sem fjögur efstu liðin myndu vera saman og fjögur neðstu liðin myndu spila saman. Þarna yrði aftur spiluð tvöföld umferð þar sem liðin spila heima og úti. Þetta væru því 6 leikir í viðbót fyrir liðin. Í sjö liða deild væri eina breytingin sú að það væru einungis þrjú lið í neðri krossinum sem myndu spila sín á milli.

Úrslitakeppni: Eftir þetta yrði farið í úrslitakeppni. Í fyrstu umferð úrslitakeppinnar myndu tvö neðstu liðin úr efri krossinum (lið 3-4) mæta tveimur efstu liðunum úr neðri krossinum (lið 5-6). Tvö efstu liðin (1-2) myndu fara beint í undanúrslit á meðan tvö neðstu liðin (7-8) í sjö liða deild einungis neðsta liðið (7) væru úr leik og kominn í sumarfrí.

Eftir það yrði síðan farið í venjulega úrslitakeppni þar sem liðin sem vinna í fyrstu umferð mæta liðum (1-2) í undanúrslitum. Í undanúrslitum og úrslitum yrði síðan leikið þangað til annað liðið myndi vinna 3 leiki en einungis myndi þurfa að vinna tvo leiki í fyrstu umferð úrslitakeppinnar.

Með þessu móti myndum við auka gæði deildarinnar þar sem það væru fleiri jafnir leikir sem yrðu spilaðir. Við myndum einnig eyða út tvíhöfðum um helgar sem geta verið erfiðir fyrir leikmenn og lið að þurfa að spila tvo leiki á tveimur dögum. Einnig myndi það auka fyrirsjáanleika í deildinni því þá ætti að vera hægt að raða deildinni þannig upp að flest lið væru búinn að spila jafn marga leiki á sama tíma yfir tímabilið.

Með þessu fyrirkomulagi í úrslitakeppninni er einnig verið að gefa liðunum sem lenda í neðri krossinum möguleika og þeir hafa að einhverju að keppa þrátt fyrir að komast ekki í efri krossinn. Síðasti punkturinn er síðan að við eigum að fjölga leikjum í úrslitakeppninni með því að hafa 3 sigurleiki í undanúrslitum. Þetta eru stærstu leikirnir sem er skemmtilegast að horfa á fyrir áhorfendur en einnig eru þetta leikirnir sem leikmenn læra mest af að spila og myndi það auka gæði deildarinnar og landsliðsins til lengri tíma með því að fjölga þessum leikjum fyrir leikmenn okkar.